

Úrskurður nr. 1/2002

- Frávísun

Tollstjóri endurákvarðar gjöld af sex vörusendingum þar sem innflyjandi gat ekki staðfest upprunavottorð og notið fríðindameðferðar samkvæmt EES samningnum. Umboðsmaður kæranda gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd vísar málinu frá.

Lög nr. 55/1987 tollalög, 99. gr., 100. gr., 1. mgr. 101. gr., 102. gr. Lög nr. 37/1993 8. gr. og 27. gr.

Með bréfi, dags. 27. desember 2001, sem barst ríkistollanefnd 28. desember s.á. kærir L, f.h. P. hf. (áður XX), úrskurð tollstjóra frá 26. október 2001. Í nefndum úrskurði eru gjöld endurákvörðuð af sex vörusendingum er innihéldu Pókemon-spil en kærandi hefur ekki fært sönnur á uppruna varanna og getur af þeim sökum ekki notið tollfríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins.

Umboðsmaður kæranda gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá fer hann fram á tveggja mánaða frest til að leggja fram ný gögn í málinu, þar sem umbjóðandi hans vinni að gagnaöflun vegna málsins í Danmörku.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra frá 26. október 2001 segir m.a. að með bréfi, dags. 21. júní, til fyrirtækisins hafi því verið gerð grein fyrir því að fyrirhugaður væri úrskurður vegna innflutnings á Pókemon-spilum þar sem ekki hafi verið færðar sönnur á uppruna vörunnar í eftirtöldum sendingum:

F 205 19 05 0 DK CPH U761
E THR 23 05 0 DK CPH W424
F 785 30 09 0 BE LGG V524
F 217 31 08 0 DK CPH 7266

F 787 01 10 0 BE LGG V550
F 205 19 09 0 DK CPH V313
F 217 30 05 0 DK CPH U124

Var fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Var haft samband við embættið fyrir hönd fyrirtækisins vegna þessa máls, og m.a. óskað eftir frekari upplýsingum. Með bréfi embættisins, dags. 13. september s.l., var fyrirtækinu sent afrit af bréfi danskra tollyfirvalda er málið varða. Jafnframt var fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins veittur 15 daga frestur til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Innflytjandi sendi engin gögn né andmæli til embættisins.

Fram kemur í hinum kærða úrskurði að í samvinnu við dönsk tollyfirvöld var kannaður uppruni á Pókemon-spilum frá Midgaard Distribution í umræddum sendingum. Í svarbréfi danskra tollyfirvalda komi fram að hinn erlendi seljandi hafi ekki fært sönnur á uppruna varanna. Uppruni varanna telst því óstaðfestur og getur af þeim sökum ekki notið fríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins. Með vísan til þessa ákvarðar tollstjóri að breyta B tolli í A toll á aðflutningsskýrslu vegna framangreindra sendinga. Aðflutningsgjöld hækka um kr. 2.375.493,00 ásamt dráttarvöxtum.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið, farið yfir þau gögn sem henni hafa borist og aflað viðbótargagna eftir því sem ástæða hefur þótt til. Í 1. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987 með síðari breytingum er kveðið á um frest til að kæra úrskurð tollstjóra til ríkistollanefndar, þar segir: *“Innflytjandi getur skotið úrskurði tollstjóra um endurákvörðun skv. 99. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr., þó ekki úrskurði sem kæranlegur er til ráðherra skv. 102. gr., og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar.”*

Hinn kærði úrskurður tollstjóra er dagsettur þann 26. október 2001 og var sendur innflytjanda með ábyrgðarpósti sama dag, samkvæmt ljósriti af póstkvittun, sem nefndin hefur aflað sér. Kæran til ríkistollanefndar er póstlögð skv. póststimpli þann 27. desember 2001 og barst nefndinni þann 28. desember s.á. Samkvæmt framansögðu liggur því fyrir að hinn lögmælti 60 daga kærufrestur, sbr. 1. mgr. 101 gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. og 8. gr. og 27. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er liðinn. Af framangreindri ástæðu var málið ekki tekið til efnislegrar meðferðar og vísað frá ríkistollanefnd.